

Umhverfissamtök Íslands  
Laugavegi 13  
101 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P  
komudagur

123/1250  
3.3199

Reykjavík, 3. mars 1999

Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Umhverfissamtök Íslands þakka bréf umhverfisnefndar Alþingis dagsett 24. febrúar 1999 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, 528.mál.

Umhverfissamtök Íslands fagnar framkomnu frumvarpi og leggur áherslu á mikilvægi þessa málefnis. Frumvarpið er vel unnið og gott þegar á heildina er litið, en við hljótum að gera athugasemd við hversu stuttur frestur er gefinn til að skila umsögnum um svo viðamikilið og mikilvægt málefni.

Þrátt fyrir stuttan tíma og að samtökin eru nýstofnuð og því tæplega í stakk búin til að vinna umbeðna umsögn eins og æskilegt væri, eru hér fáeinar athugasemdir og ábendingar:

1. gr. Orðalag bendir til þess að stuðla eigi á þann hátt að samskiptum manns og náttúru að hvorki spillist líf eða land... Spurningin er hvort ekki sé verið að tala hér um að samskiptin eigi að vera þannig að hvorki spillist líf eða land... Hugsanlegt orðalag: Tilgangur þessara laga er að stuðla að því að samskipti manns og náttúru séu á þann veg að hvorki spillist...
4. gr. Umhverfissamtök Íslands vilja vekja athygli á því að samtökin fiokkast undir samtök áhugamanna um náttúruvernd sem ráðherra skal hafa samráð við þegar unnið er að stefnumótun í náttúruvernd.
6. gr. a) C - liður er mjög opinn. Á Náttúruvernd ríkisins að hafa umferðalögreglu í óbyggðum?  
b) Eðlilegt má teljast að ákvæði um hvenær Náttúruvernd ríkisins beri að hafa samráð við Náttúruverndarráð sé inni í lögunum.
50. gr. Í upptalninguna vantar "Friðlýsingar náttúrumyndana í hafi"
51. gr. Inn í greinina vantar ákvæði um tengsl við Náttúruvernd ríkisins þegar eitt sveitarfélag stendur að stofnun fólkvangs.

Umhverfissamtök Íslands vilja hvetja til að þess að frumvarpið fái eins vandaða meðferð á Alþingi eins og nokkur kostur er og að það verði að lögum fyrir vorið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Umhverfissamtaka Íslands

*Jóhanna B. Magnúsdóttir*  
Jóhanna B. Magnúsdóttir framkvæmdastjóri